

4. gr.

89

23. nóv.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. nóvember 1945.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

*Pétur Magnússon.***L Ö G**

90

23. nóv.

um kaup á nýjum strandferðaskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða þrjú strandferðaskip erlendis fyrir reikning ríkissjóðs. Sé eitt skipið um 1400—1500 rúmlestir brúttó og aðallega byggt sem farþegaskip. Hin tvö skipin séu um 300 rúmlestir brúttó, fyrst og fremst til vöruflutninga.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 7 millj. króna lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. nóvember 1945.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

*Emil Jónsson.***L Ö G**

91

30. nóv.

um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er nefnist Viðskiptaráð, og jafnmarga varamenn. Við skipun varamanna skal ákveða, fyrir hvaða aðalmenn hver þeirra um sig skuli taka sæti í ráðinu í forföllum aðalmanna eða ef sæti verður laust um stundarsakir.